

Ed.

445. Frumvarp til laga

um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, orðist þannig: Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenska ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri iðlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektahegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.